

Mál nr. 369/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. nóvember, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í ökutækjaskýrslu frá Aðstoð & Öryggi (A&Ö) kemur fram að M hafi þann 7. október 2021 ekið bifreið sinni, A, utan í bifreiðina B er hún hugðist skipta um akrein á Vesturlandsvegi. Í málskoti kemur fram að M hafi farið samdægurs til læknis og kvartað undan verk í hægri öxl og doða frá hnakka niður í finger. Var greiningin hálstögnun, tognun á brjósthrygg og tognun á lendhrygg. Næst leitaði M til læknis þann 4. nóvember 2021 vegna verkja í hægri öxl, fram í bringu og greindist hún þá með rifbeinsbrot. V aflaði einhliða PC-crash skýrslu og hafnaði bótaskyldu vegna varanlegs heilsutjóns með vísan til þess að orsakatengsl væru ósönnuð. Mótmælir M þeirri niðurstöðu V að slys hennar sé ekki bótaskyld úr slysátryggingu ökumanns og eiganda. Ljóst sé að M býr við afleiðingar vegna slyssins sem greiða ber bætur fyrir skv. ákvæðum skaðabótalaga. M hefur verið í samfelldri meðferð hjá sjúkrahjálfa frá slysdegi og ítrekað leitað til læknis auk þess sem M var fyrst um sinn óvinnufær vegna afleiðinga slyssins. PC-crash skýrslunnar var aflað einhliða af hálfu V og felur útreikningur forritsins á engan hátt í sér mat á líkamlegu ástandi M eftir slys.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem kærandi rekur til þess séu ósönnuð en M ber sönnunarbyrði um það atriði. Höggði af árekstrinum var mjög vægt eins og sést á myndum af bifreiðunum og PC-crash skýrslu dags. 7. nóvember 2021. Telur V ómögulegt að höggði af árekstrinum hafi getað valdið tognun á hálsi eða hægri öxl og því síður rifbroti. Meint rifbrot var ekki greint fyrr en mánuði eftir slysið og hefur ekki verið staðfest með mynðrannsókn. Þá passar ekki að M hafi fengið högg á hægri hlið líkamans eins og hún hélt fram á hjá lækni á slysdegi en hún sat vinstra megin í bílnum, sömu megin og höggði kom á bílinn. M vinnur erfiðisvinnu sem matráður á leikskóla og verða einkenni hennar miklu fremur rakin til slits á líkamanum heldur en til umferðarslyssins. Í tölvupósti V dags. 19. nóvember 2021 kemur fram að V samþykki að greiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkrahjálfunar á fyrstu 10-12 vikum eftir slysi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 7. október 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunareglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggja ekki fyrir heildstæð gögn um heilsufar M fyrir og eftir slysið, heldur læknisfræðileg gögn, þ.m.t. sjúkraskrá M fyrir tímabilið frá 7. júlí 2021 til og með 19. nóvember 2021. Þannig liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um heilsufar M fyrir 7. júlí 2021. Þá liggja ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. V hefur þegar samþykkt að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkrahjálfunar sem féll til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið og verður að telja miðað við gögn málsins að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A vegna árekstursins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir